

anda í gegnum rör í þessu prófi. Læknir er alltaf viðstaddur þegar áreynslupróf er gert.

Undirbúningur:

Æskilegt er að barnið sé þannig klædd að það eigi auðvelt með að hreyfa sig og sé í íþróttaskóm.

Gætið þess að það sé liðin að minnsta kosti 1 til 2 klst. frá því að barnið / unglingurinn borðaði.

Vinsamlegast athugið

Sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum, svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali - háskólasjúkrahús er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.



Rannsóknir á hjarta og æðakerfi

- ♥ Áreynslupróf
- ♥ Borðveltípróf
- ♥ EP rannsókn
- ♥ Sólarhringshjartarit

Hægt er að hafa samband við Barnaspítala Hringurinn í síma 543-1000

Höfundur:
Bára Sigurjónsdóttir
Sérfræðingur í hjúkrun langveikra og hjartveikra barna á LSH

Barnaspítala Hringurinn

Október 2006

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
BARNASVIÐ

HÖNNUN: GAGNASMÍÐJA/AV
LJÓSMYND: VIGFÚS BIRGISSON



Inngangur

Eftirfarandi upplýsingar eru um þær helstu hjartarannsóknir sem gerðar eru á börnum og eru þær ætlaðar fyrir foreldra og börn þeirra. Gerð er grein fyrir helstu hjartarannsóknnum og leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- ♥ Í hverju er rannsóknin fólgin og til hvers er hún gerð?
- ♥ Í hverju er undirbúningur fyrir rannsóknina fólgin?
- ♥ Hvernig er rannsóknin framkvæmd?

♥ EP stúdía / Raflífeðlisfræðileg rannsókn um vélinda ♥

EP stúdía er rannsókn sem kannar starfsemi rafleiðslukerfi hjartans. Rannsóknin er notuð í völdum tilvikum þegar grunur er um truflun í hjartslætti.

Fíngerð leiðsla er sett um munn eða nef niður í vélindað og endinn látin nema í hæð við hjartað. Um legginn eru send rafboð sem örva hjartað til mats á mögulegum hjartsláttartruflunum. Þessi rannsókn er venjulega gerð í svæfingu og tekur eina til tvær klukkustundir. Ef barnið fer í svæfingu þarf það að vera fastandi í ákveðin tíma fyrir rannsóknina (fer eftir aldri). Seinni hluta rannsóknardags getur barnið farið heim.

Undirbúningur:

Rannsóknin er oftast gerð í svæfingu en stundum nægir að nota slævandi lyf. Fasta er nauðsynleg fyrir rannsóknina.

♥ Sólarhringshjartarit / Holter ♥

Sólarhringshjartalínurit er notað til að kortleggja hjartslátt viðkomandi í dagsins önn, bæði við áreynslu og í hvíld. Settir eru nokkrir gelplástar með þar til gerði festingu á brjóstakassa barnsins og við þessa plástra er festar leiðslur sem tengjast í upptökutæki sem skráir rafvikni hjartans, það er hjartsláttinn. Skráningartækið er í litilli hliðartösku sem hægt er að hafa með sér hvert sem er. Nauðsynlegt er að halda skrá yfir daglegar athafnir barnins meðan á rannsókninni stendur og sérstaklega er mikilvægt að skifa niður tímann á skráningarblaðið sem ykkur verður afhent, ef eitthvað kemur uppá sem mögulega gæti tengst hjartanu. Ef plástranir losna meðan á rannsókninni stendur, þá þarf að líma þá niður aftur með plástri. Barnið fær að fara heim eftir að leiðslurnar hafa verið festar á og mætir næsta dag til þess að skila tækinu og upptakan fer þá í úrlestur.

Undirbúningur:

Æskilegt er að barnið / unglungurinn sé klædd í treyju sem opnast að framan, þannig á barnið mjög auðvelt með að hafa fataskipi þó það sé í þessari rannsókn.

♥ Borðveltípróf / Tilt test ♥

Þessi rannsókn er notuð í völdum tilvikum er notuð þegar leitað er skýringa á yfirlíðum. Viðkomandi er lagur útaf á bekk og fylgst er með lífsmörkum, það er blóðþrýstingur og þúls. Síðan er bekkurinn með barninu reistur upp og prófinu haldið áfram í hálfuppréttri stöðu og áfram er fylgst með lífsmörkum. Yfirlíð eða veruleg vanlíðan með yfirlíðatilfinningu og breytingu á lífsmörkum þýðir að prófið er jákvætt. Rannsóknin tekur um 1 klst og síðan fær barnið að fara heim.

Undirbúningur:

Barnið þarf að vera fastandi í að minnsta kosti 3 klst fyrir rannsóknina svo því verði síður óglatt meðan á rannsókninni stendur. Áður en prófið er framkvæmt er sett upp nál hjá barninu svo hægt sé að gefa því lyf. Við mælum með að yngri börnin fái svokallaðan Emla plástur til að staðdeyfa húðina einni klukkustund áður enn nálin er sett upp. Læknir er alltaf viðstaddur þessa rannsókn.

♥ Áreynslupróf ♥

Áreynslupróf eru gerð til að kanna hæfni hjartans til að svara álagi við áreynslu. Prófið er framkvæmt þannig að barnið gengur og / eða hleypur við stigvaxandi álag á hlaupabretti. Fylgst er með hjartslætti og blóðþrýstingi hjá barninu á meðan á prófinu stendur. Stundum eru börnin beðin um að